

Tillaga til breytinga á þingsályktun.

Þingskjal 306 — 277. mál.

Í innganginn finnst mér vanta afgerandi kraft til aðgerða í þessu mikilvæga máli, sem verndun báta og skipa er. Talað er um úrbætur, úrbætur á hverju? Það þarf að hugsa þetta frá grunni og rauninni þarf að greina menningarhugtakið og minjapólitík okkar. Þorsteinn Gylfason prófessor sagði að menning væri það að gera hlutina vel. Það finnst mér góð nálgun því það kallar á skilgreiningu á því sem vel er gert og hvað er fúsk.

Lög um menningarminjar, sem vitnað er til í greinargerðinni, er dæmi um fúsk. Með þeim var möguleiki til varðveislu skipa og báta nánast enginn.

Ef horft er til heimilda í fornum ritum fer lítið fyrir daglegu amstri forfeðra okkar annað en að vega mann og annan. Ekki er að sjá að þeir hafi eytt miklum tíma við bátasmíðar frekar en önnur hversdagsleg verk. Þess er þó getið í Íslendingasögum að Skallagrímur Kveldúlfsson er sagður „skipasmiður mikill“ og lét flytja til sín rekavið. Í Hergilsey í Breiðafirði er Gísli Súrsson sagður hafa smíðað skip og vera flestum öðrum hagari við þá iðju. Króka-Refur fær vegleg ummæli sem skipasmiður en þá er eiginlega upptalið það sem Íslendingasögurnar veita um þessa mikilvægu starfsgrein okkar því ekki gátu landsnámsmenn án skipa verið frekar en við í nútímanum. Þekkingin kom frá fyrri heimkimum og skipa- og bátasmiðir þurftu að aðlaga sín verk að aðstæðum hvers tíma og staðháttu.

Af lýsingum báta og skipa er Þórðar saga kakala hvað skýrust þegar heraflo Flóabardaga er lýst. En það er fátt sem við vitum og lítið hefur verið rannsakað hvað þessi arfleið hefur fylgt okkur til nútímans. Við vitum þó að verkkunnáttan hefur lifið mann fram að manni og er enn til staðar en er óðum að hverfa.

Rekaviður hefur líklegast verið aðalefniviðurinn í báta allt frá landnámi og fram eftir öldum. Heimildir eru hinsvegar álíka rýrar um bátasmiði í Fornbréfasafninu og í Íslendingasögum. Það detta þó inn af og til upplýsingar sem færa stóðir undir að rekaviður hefur verið helsti efniviðurinn við bátasmiðina.

Ég hef farið yfir tvær þingsályktunartillögur sem óskað var eftir. Það kom mér satt að segja á óvart að um tvær nánast samhljóma tillögur væri að ræða. Ég verð þó að segja, með fullri virðingu, að greinargerð í þingskjali 306 – 277. mál er mun almennari og ekki eins ítarlega rökstutt og í þingskjali 349 – 308. mál. Ég tel skynsamlegt að flutningsmenn tillagnanna sameinist um að koma þessu brýna máli í gegnum þingið til að forða frekara tjóni en orðið hefur í gegnum árin.

Ég einlæglega óska þess að þetta mikilvæga atriði í okkar menningararfi fái þann hljómgrunn, sem það svo sannarlega er, með sameiginlegu átaki þingheims alls.

Virðingarfyllt,

Jón Sigurpálsson
Skógarbraut 1
400 Ísafirði
Sími: 896 3291